

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1122

Dagsetning: 18. ágúst 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Bjarma Magnúsdóttir, leiðtogi fasteignaþjónustu HH, sat fundinn undir lið 7.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 11. ágúst 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Verkefni framkvæmdastjórnar

Umræður um helstu verkefni framkvæmdastjórnar.

3. Aðsend erindi

Farið var yfir erindi frá Samkeppniseftirlitinu um kaup Ósa-Lífæð heilbrigðis hf. á Læknisfræðilegri Myndgreiningu ehf. og Domus tækjum ehf. Ákveðið var að senda ekki umsögn til eftirlitsins.

4. Staða heilsugæslustöðva

Rætt var um stöðu allra heilsugæslustöðva HH. Farið var yfir breytingar á stjórnendum og mönnun stöðvanna, hvaða stöðvar þurfa stuðning og hvar staðan er góð.

5. Heilsugæslustöðvar í Breiðholti

Farið var yfir stöðu heilsugæslustöðva HH í Breiðholti og framtíðarsýn fyrir þjónustu þeirra.

6. Komugjöld í geðheilsuteymum

Upplýst var að innheimta komugjalda í geðheilsuteymi mun hefjast þegar undanþága fyrir teymin fellur niður þann 1. september 2026. Einnig verður innheimt gjald fyrir þátttöku í námskeiðum auk þess sem gjaldtaka verður fyrir rannsóknir og vottorð samkvæmt gjaldskrá sem útgefin er af heilbrigðisráðuneytinu.

7. Húsnæðismál

Bjarma Magnúsdóttir, leiðtogi fasteignaþjónustu HH, kom á fundinn til að ræða húsnæðismál stofnunarinnar. Fjallað var um þá framtíðarsýn um að sameina þjónustu starfseininga HH annarra en heilsugæslustöðva í einu húsnæði. Þá var farið yfir önnur verkefni sem er í gangi hjá fasteignaþjónustunni.

8. Verkefnið Efri leiðin

Rætt var um innleiðingu verkefnisins Efri leiðin, sem felur meðal annars í sér forflokkan á heilsugæslustöðvum. Ákveðið hefur verið að gæðastjóri HH fái hlutverk verkefnastjóra í þeirri innleiðingu.

9. Verkefni lögfræðinga

Umræður um aðkeypta þjónustu HH af lögfræðingum og hvaða verkefni þeir sinna fyrir stofnunina.

Aðgerðir og verkefni

- Ræða þarf við forstöðumenn heilsugæslustöðva í Breiðholti um framtíðarsýn fyrir starfseminum, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM
- Ljúka þarf undirbúningi fyrir innleiðingu komugjalda og annarrar gjaldtöku í geðteymum og kynna þessa breytingu fyrir skjólstæðingum, sjá lið 6.
Ábyrgð: ÍDH
- Kynna þarf framtíðarsýn í húsnæðismálum fyrir heilbrigðisráðuneytinu, sjá lið 7.
Ábyrgð:
- Ræða þarf við gæðastjóra HH um verkefnastjórn í verkefninu Efri leiðin, sjá lið 8.
Ábyrgð: RÓE

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 12:00